

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag í landi Bjarkar við Selfoss (Björkurstykki).*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti þann 20. mars 2019 deiliskipulag í landi Bjarkar. Skipulagssvæðið er um 40 ha að stærð og samanstendur af svokölluðu Björkurstykki, 26 ha landspildu suðvestan við Gagnheiði á Selfossi og af umliggjandi svæðum úr landi Bjarkar. Skipulagssvæðið afmarkast þannig af Eyrarvegi í norðvestri, Suðurhólum í norðaustri og lögbylinu Björk í suðri. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúðarbyggðar með blandaðri húsagerð einbýlishúsa, par-, rað-, fjórbylis- og fjölbýlishúsa. Á miðju svæðinu er gert ráð fyrir lóð undir skólabyggingar. Á deiliskipulagsreitnum er einnig gert ráð fyrir opnum grænum svæðum og fjölbreyttum leik- og dvalarsvæðum. Þá er stíganet fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Deiliskipulagið hefur hlotið lögbundna meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 13. júní 2019.*

**Gísli Halldór Halldórson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2019